



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 27. apríl 2020
R20040169

Borgarráð

Sjómannaskólareitur – Lóð G1, lóðarvilyrði til Félagsbústaða

Óskað er eftir að borgarráð veiti Félagsbústöðum hf., kt. 510497-2799, Þönglabakka 4, 109 Reykjavík, vilyrði fyrir byggingarrétt fyrir allt að 8 íbúðum á lóð G1 á svokölluðum Sjómannaskólareit, með fyrirvara um samþykki og staðfestingu deiliskipulags á umræddum byggingarrétti.

Greinargerð:

Nánari lóðaskilmálar verða settir í úthlutunarbréf og lóðarleigusamning. Fyrir byggingarréttinn skulu Félagsbústaðir greiða 45.000 kr. á fermetra. Gatnagerðargjöld greiðast samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Greiða skal byggingarrétt og gatnagerðargjöld innan 45 daga frá samþykkt borgarráðs um úthlutun lóðarinnar.

Komi til þess að deiliskipulag taki ekki gildi fyrir umrædda lóð innan tveggja ára frá samþykki borgarráðs fyrir lóðarvilyrði þessu, fellur það niður. Sama gildir ef ekki er óskað eftir úthlutun lóðarinnar innan árs frá gildistöku deiliskipulags fyrir lóðina.

Helga Björg Ragnarsdóttir